

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 9. maí 2017 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Steinunn Stefánsdóttir. Pröstur Helgason boðaði forföll. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málþing í október. Framhaldsumræður.

Sjá fg. stj. ÍM 4/2017, 1. lið. Rætt var um skipulag málþings ÍM í október um lestur unglunga. Það verður haldið 10. eða 11. október í Fjölbrautarskólanum Ármúla. Ákveða þarf endanlegan dag sem fyrst og fá nöfn fyrirlesara. Stefnt er að því að erindi á þinginu verði samtals fimm. Formaður sagðist ætla að hafa samband við Samtök móðurmálskennara og fá samtökin til að velja einn kennara til að halda erindi og tvo nemendur. Félag höfunda barna- og unglungabóka (SÍUNG) og Félag íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT) eiga einnig eftir að tilnefna fyrirlesara. Fá þarf endanleg heiti erinda í haust og þá verður einnig aftur haft samband við Mjólkursamsöluna sem hyggst styrkja þingið.

Óskað verður eftir því að menntamálaráðherra komi á októberþingið og málræktarþingið í nóvember. Einnig er stefnt að því að bjóða Haraldi Benediktssyni, formanni fjárlaganefndar á málræktarþingið.

2. Ályktun 2017

Ármann mun semja ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2017. Hann reifaði hugmyndir sínar á þessu stigi og nefndi m.a. lestur ungmenna 13–19 ára, afnám virðisaukaskatts á bækur, það að koma ritun á dagskrá í skólum o.s.frv. Steinunn nefndi að nefna þyrfti í ályktuninni skýr atriði sem hægt væri að fara strax í að vinna.

Ármann greindi frá því að hann hefði hitt Svanhildi Kr. Sverrisdóttur, sérfræðing í menntamála-
ráðuneytinu og hefði hvatt hana og ráðuneytið til þess að taka eflingu ritunar í skólum upp á sína arma. Svanhildur hefur einmitt gert úttekt á ritunarkennslu í grunnskólum (sjá Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Guðrún Valdsdóttir. 2012. *Úttekt á ritunarkennslu í tólf grunnskólum.*

<https://rafhladan.is/handle/10802/6979>).

3. RÚV og Eurovision

Formaður rifjaði upp fyrri samskipti ÍM og RÚV á árunum 2010 og 2011 vegna notkunar ensku í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Málnefndin sendi bréf til RÚV 2010 og gagnrýndi notkun ensku í söngtextum í keppninni. Eftir það var reglum breytt og íslenska fékk meira vægi. RÚV fékk síðan viðurkenningu ÍM árið 2011. Formaður sagðist hafa á tilfinningunni að sigið hefði á ógæfuhliðina í þessum efnunum á síðustu árum. Ákveðið var að kanna hvaða reglur giltu nú um notkun ensku í undankeppninni hér á landi og hvort þær hefðu breyst. Þresti er falið að kanna það.

4. Fyrsta umræða um áherslur 2017–2018

Formaður benti á að 31. ágúst lyki öðru starfsári núverandi málnefndar. Mikilvægt væri að hyggja fljótlega að áhersluatriði næsta árs, þ.e. *Áhrif fjölmenningsamfélagsins á málið og viðbrögð við*

auknum ferðamannastraumi (<http://islenskan.is/stefnuskra/stefnuskra-islenskrar-malnefndar-2015-2019>). Benda mætti á bága stöðu íslensku í veitinghúsum, verslunum, söfnum og skólum. Efla þyrfti íslenskufraeðslu útlends starfsfólks og auka metnað atvinnuveitenda hvað varðar þjálfun í íslensku. Formaður hvatti stjórnarmenn til að hafa augun opin í sumar og safna saman dæmum um ágang enskunnar. Ármann benti á að margar þjóðir sem heimsæktu Ísland kynnu lítið meir í ensku en íslensku og að enskan væri ekki alltaf lausn við öllu.

Bent var á nýlegt viðtal við Vigdísí Finnbogadóttur („Ef ekkert verður að gert lendir íslenskan í ruslinu með latínunni“, 22. apríl 2017 á [visir.is](http://www.visir.is), <http://www.visir.is/g/2017170429683>).

5. Ný ábending

Ármani barst ábending um að kennslubækur, sem notaðar væru í framhaldsskólum, væru oft á ensku. Rætt var um hvort og þá hverjum ætti að senda athugasemd um slíkt. Ákveðið var að gera það ekki enda telur stjórn málnefndarinnar ekki ómaksins vert að gera athugasemdir við val á skólabókum. Einnig var bent á að lengi hefðu erlendar námsbækur verið algengar á þessu skólastigi.

6. Önnur mál

a) Orðabanki Árnastofnunar

Formaður greindi frá því að ónóg tölvuaðstoð hefði hamlað þróun ýmissa gagnasafna á Árnastofnun. Sérstaklega ætti það við um Orðabanka Árnastofnunar (<http://www.ordabanki.hi.is>) en þróun hans hefði lengi verið í lamasessi vegna fjárskorts. Samþykkt var að formaður sendi bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytis og óskaði eftir því að Árnastofnun fengi styrk til að ráða tímabundið tölvufræðing til að vinna við endurskoðun orðabankans þannig að vinnuumhverfi hans og útlit yrði fært til nútímahorfs.

b) Ábendingasíða ÍM

Formaður sagði að á ábendingasíðu Íslenskrar málnefndar (<http://islenskan.is/abendingar>) væri nú merkt með rauðu þegar ekki hefði borist svar við athugasemdum ÍM. Benda þyrfti fleirum á þessa síðu. Ákveðið var að ritari ÍM myndi senda fréttatilkynningu til fjölmiðla um ábendingasíðuna.

Fundi lauk kl. 16.00

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.